

**Nd.**

## **226. Frumvarp til laga**

um heimild til að taka eignarnámi land handa kaupfélagi Rangæinga á Rauðalæk.

Flm.: Páll Zóphóniasson, Gísli Guðmundsson, Bjarni Bjarnason.

### **1. gr.**

Taka má eignarnámi handa kaupfélagi Rangæinga á Rauðalæk, úr landi Brekkna og Efri-Rauðalækjar í Holtahreppi, allt að 40 hektara óræktaðs lands, hið næsta húseignum kaupfélagsins við Rauðalæk.

### **2. gr.**

Eignarnámið skal framkvæma samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

### **Greinargerð.**

Frv. þetta er flutt eftir beiðni kaupfélags Rangæinga.

Kaupfélag Rangæinga er stofnað árið 1930 og hefir síðan haft aðsetur og rekið verzlun við Rauðalæk í Rangárvallasýslu. Þar á það allstórt hús, en skortir algerlega landréttindi. Og þrátt fyrir margítrekaða samningaumleitun hefir ekki ennþá tekizt að útvega félaginu allra nauðsynlegustu lóðarréttindi, auk heldur meir. Og því miður virðast ekki vera horfur á, að úr þessu verði bætt með venjulegum samningum að sinni. -- Tefur það einkum fyrir samningum, að eigendur þess lands, sem næst liggur, eru 3-4, og ábúendur auk þess ekki færri en þrir, og vilja sumir af þessum aðilum alls ekki semja.

Hinsvegar er það algerlega óviðunandi til frambúðar, að félagið eigi hvorki ráð á lóð undir húsum sínum né bithaga handa hestum viðskiptamanna sinna. Og auk þess má á það benda, að sanngirni mælir með, að kaupfélög og aðrar slíkar stofnanir, sem starfræktar eru í sveitum, taki beinan þátt í ræktun landsins, og hafi aðstöðu, sem tryggir starfsmönnum þeirra, sem þess kunna að óska, afnot af jörð og jarðargróða.